

Fundargerð 89. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 10. apríl 2014, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Árni Sigfússon,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Sigrún Árnadóttir, varamaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvstj., sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Háskólavellir ehf. – fjárhagslega endurskipulagning

Stjórnarformaður ásamt framkvæmdastjóra fóru yfir sögu málsins og þá vinnu sem lögð hefur verið í við fjárhagslega endurskipulagningu HV til þessa.

Stjórn gaf stjórnarformanni og framkvæmdastjóra leyfi til að vinna málið áfram með það að markmiði að klára endanlega samninga í samræmi við undangengna vinnu. Jafnframt var þeim falið að ræða við fjármálaráðuneytið um málið.

3. Tilboð í Lindarbraut #635

Framkvæmdastjóri sagði frá kautilboði sem barst í eignina Lindarbraut #635 sem var tekið og hefur kaupsamingur verið undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Stjórn samþykkti samninginn.

A5

4. *Gagnaver á Fitjum.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn uppbyggingu nýs gagnavers á Ásbrú. Stjórn fagnar þeim merka áfanga að fyrsta nýbyggingarverkefnið á Ásbrú sé orðið að veru leika. Framkvæmdastjóra var falið að fylgja málinu eftir og ganga frá lóðaleigusamingum.

5. *Önnur mál*

Næsti stjórnarfundur.


Næsti fundur er áætlaður 8.maí..

Umhverfismál.

Stjórnarformaður lagði til að skoðaður verði kostnaður við uppbyggingu umhverfisins á Ásbrú ss. málun húsa og trjárækt. Leggur áherslu á að nauðsyn þess að umhverfið sé aðlaðandi og vinalegt.

Engin önnur mál voru rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.



Fjola Hnund Björnsd.
E. Lykko-